

Undirstöðuatriði samfélagsvísinda

1. Samfélagsvísindi ganga út á að gera almenna borgara að þátttakendum í vísindalegum rannsóknum sem leiða af sér nýja þekkingu eða skilning. Almennir borgarar geta komið að verkefnum sem þátttakendur, samstarfsaðilar eða verkefnisstjórar og gegna þýðingarmiklu hlutverki í verkefnunum.
2. Markmið verkefna sem flokkast undir samfélagsvísindi er að þau skili raunverulegri, vísindalegri niðurstöðu.
3. Bæði menntaðir vísindamenn og samfélags-vísindamenn hafa hag af þátttöku í verkefnunum. Það getur til dæmis verið birting vísindalegra niðurstaðna, lærdómstækifæri, persónuleg ánægja, félagslegur ávinningur, ánægja af því að eiga hlutdeild í vísindalegum gögnum sem taka á staðbundnum-, þjóðar- eða alþjóðlegum mállefnum, og verða þannig mögulega áhrifavaldur í stefnumörkun stjórnvalda.
4. Samfélags-vísindamenn geta komið að rannsóknum á mismunandi stigum. Þetta getur sem dæmi falið í sér þróun rannsóknarspurninga, hönnun aðferðafræði, söfnunar og greiningar gagna og að miðla niðurstöðum.
5. Samfélags-vísindamenn fá upplýsingar um gang verkefnisins. Til dæmis hvernig gögnin sem þeir söfnuðu eru notuð, hverjar niðurstöður eru eða hver stefnumótandi eða samfélagslegu áhrif verkefnisins eru.
6. Samfélagsvísindi eru álitin rannsóknaraðferð eins og hver önnur, með takmörkunum og hlutdrægni sem þarf að hafa í huga og gera ráð fyrir. Ólíkt hefðbundnum rannsóknaraðferðum gefa samfélagsvísindi möguleika á aukinni þátttöku almennings og lýðræðisvæðingu vísinda.
7. Gögn og gagnasöfn samfélagsvísinda eru aðgengileg opinberlega og niðurstöður birtar á opnum miðlum þegar hægt er. Deila má gögnum með öðrum á meðan verkefnum stendur eða þegar þeim er lokið, nema að sérstök öryggis- eða persónuverndarsjónarmið komi í veg fyrir það.
8. Samfélags-vísindamanna er getið í niðurstöðum rannsókna og birtingum sem á þeim byggja.
9. Gæði samfélagsvísindaverkefna eru metin út frá vísindalegu gildi þeirra, þeim gögnum sem notuð eru, reynslu þátttakenda og samfélagslegum- og stefnumarkandi áhrifum.
10. Stjórnendur samfélagsvísindaverkefna þurfa að taka til greina lögfræðileg og siðferðisleg álitamál sem tengjast höfundarrétti, hugverkarétti, samkomulagi varðandi dreifingu gagna, trúnaðarmálum, tilvísunum og umhverfislegum áhrifum allra athafna.

Þessi undirstöðuatriði samfélagsvísinda voru gefin út af The European Citizen Science Association (ECSA) árið 2015 og kallast á frummálinu *Ten Principles of Citizen Science*.